

## GJALDSKRÁ

### vatnsveitu Grindavíkurbæjar.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 er eftirfarandi:

Vegna eigna skv. a-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,045% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,250% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. c-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,200% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

#### 2. gr.

##### *Mælaleiga.*

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

<i>Nafnmál / "</i>	<i>Kennitákn</i>	<i>Mælaleiga kr. á ári</i>	<i>Mælaleiga kr. á dag</i>
< 25 / 1"	25	9.952	27
30 / 1¼"	30	10.553	28
40 / 1½"	40	12.999	36
50 / 2"	50	17.238	47
65 / 2½"	65	26.147	72
80 / 3"	80	37.667	103
100 / 4"	100	48.132	131
150 / 6"	150	55.496	152

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

#### 3. gr.

##### *Heimæðar.*

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Grindavíkur við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitu Grindavíkur.

<i>Þvermál heimæðar. Plast</i>	<i>Verð, lengd heimæðar 0-35 m. Kr.</i>	<i>Kr. á metra, umfram 35 m</i>
< 32	274.460	2.745 kr.
40	355.133	3.551 kr.
50	459.734	4.598 kr.
63	662.984	6.630 kr.
75	885.834	8.859 kr.
90	1.289.217	12.893 kr.
110	1.439.270	14.393 kr.
160	1.685.717	16.857 kr.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af vatnsveitu Grindavíkur í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern

metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar og aftengingar á byggingarvatni er 40.740 kr.

4. gr.

*Grafrargjöld.*

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgrafter, 16.103 kr./lengdarmetra.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Klaki/klöpp:	dýpt cm:	kr./lengdarmetra
klaki/klöpp	< 30	5.142
klaki/klöpp	> 30	10.375

5. gr.

*Aukavatnsgjald.*

Fyrirtæki og aðrir skulu greiða aukavatnsgjald, 18 kr./m<sup>3</sup> þegar þau nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa.

6. gr.

*Vísitölubinding.*

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau sem koma fram í 1. gr. miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2021) í nóvembermánuði 2022 (110,2 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar til samræmis við breytingar á vísitölunni.

7. gr.

*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur 13. desember 2022 og öðlast þegar gildi. Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 468/2019.

*Grindavíkurbæ, 19. desember 2022.*

**Fannar Jónasson** bæjarstjóri.